

## **Menningar- og friðarsamtökin MFÍK**

**19. mars 2010**

**Mál 289**

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um birtingu skjala og annarra upplýsinga um stuðning Íslands við innrásina í Írak, mál 289.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK styðja eindregið að birt verði öll skjöl og allar upplýsingar sem tengjast ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að styðja innrásina í Írak 2003. Birting þessara gagna er nauðsynleg forsenda rannsóknar á þessari umdeildu ákvörðun og varpar vonandi að einhverju leyti ljósi á hvernig og hvers vegna hún var tekin.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK voru á móti árás á Írak. Ásamt fjölda annarra komu félagar MFÍK þeirri skoðun á ýmsan hátt á framfæri. Sendu áskoranir og ályktanir til stjórnvalda, héldu fræðslufundi og stóðu fyrir og/eða tóku þátt í fjöldamörgum mótmælafundum. Það kom einnig á daginn að þar var MFÍK á sömu línu og meirihluti Íslendinga, sem vilja ekki að farið sé með ófriði gagnvart öðrum þjóðum í þeirra nafni.

Í skoðanakönnun sem gerð var kom í ljós að meginþorri íslensku þjóðarinnar var á móti því að Ísland drægist inn í hernaðarárásir. Þeir aðilar sem tóku ákvörðun fyrir hönd Íslands í þessu máli gengu þvert á vilja þjóðarinnar. Því er nauðsynlegt að draga fram alla þætti í aðdraganda þessarar ákvörðunar. Kanna þarf hvort ráðamenn höfðu einhvern hag af fylgispekt sinni eða hvort ákvörðunin tengist á einhvern hátt tilraunum íslenskra ráðamanna til að framlengja veru Bandaríkjahers á Suðurnesjum.

F.h. stjórnar MFÍK,

Guðríður Sigurbjörnsdóttir.

